

## Fundargerð 476

Föstudaginn 20. september 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Grand Hótel Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÐ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:15 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Lánamál – til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar
4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 – til kynningar
5. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til kynningar og umræðu
6. Samanburður á álagningu fasteignagjalda 2019 – til kynningar
7. Fjöldi og dreifing ríkisstarfa eftir sveitarfélögum – til kynningar
8. Mat á störfum stjórnar og forstjóra – til umræðu
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð stjórnarfundar nr. 475.

Engar athugasemdir komu fram og bar formaður upp fundargerðina sem var samþykkt og dreift til undirritunar.

### 2. Lánamál - til afgreiðslu

...

...

...

### 3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 28/19 og 29/19 sem AME fór yfir.

Enginn tók til máls.

### 4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun og staða rekstrar 31. ágúst sl. sem AÐ kynnti og fór yfir.

Sagði hann m.a. frá greinargerð um framkvæmd sóknaráætlana, aflamarki á Flateyri og Þingeyri. Erasmus+ verkefninu Women Making Waves sem er frumkvöðlaþjálfun fyrir konur sem unnið verður með Jafnréttisstofu af hálfu Íslands. SBS fór yfir nýja mannfjöldaspá. Rætt var um AVS sjóðinn og mögulega sameiningu hans við Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Til máls tóku MH, HÁ, GÐ, MaH, SJ og KB.

## **5. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til kynningar og umræðu**

Fyrir fundinum liggja drög að 5. útgáfu áhættustefnu og áhættureglum Byggðastofnunar sem AÐ og AME kynntu.

Skv. 5. gr. reglna um störf stjórnar Byggðastofnunar skal stjórn samþykkja áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og tryggja að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega. Þær breytingar sem nú eru lagðar fyrir snúa fyrst og fremst að kafla 4.3 um Áhættumat. Þar var grunnur að áhættumati sem nú hefur verið sett upp, en það verður endurmetið árlega í tengslum við endurskoðun á Áhættustefnu.

Áhættumatið er tvískipt; annars vegar eru metnar líkur á því að atburðir þróist þannig að einstök greind áhætta verði að veruleika (líkur) og hins vegar hvaða afleiðingar það hefði fyrir stofnunina ef það gerist (afleiðingar). Mun áhættumatsnefnd leggja mat á stöðuna í hverjum áhættuflokki og verður verklagsreglum nefndarinnar breytt til samræmis við það.

Breytingarnar eru nú lagðar fram til kynningar fyrir stjórn, en gert er ráð fyrir að þær verði lagðar fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar.

Til máls tók MBJ.

## **6. Samanburður á álagningu fasteignagjalda 2019 - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur skýrsla um samanburð á fasteignamati og álögðum fasteignagjöldum 2019 sem SBS kynnti.

Til máls tóku KB, GÐ, MaH og MBJ.

## **7. Fjöldi og dreifing ríkisstarfa eftir sveitarfélögum - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur skýrslan „Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2018“ sem SBS sagði frá.

Til máls tóku MBJ og KB.

## **8. Mat á störfum stjórnar og forstjóra - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur verkefnislýsing um mat á störfum stjórnar og forstjóra sem AÐ fjallaði um, en Helga Hlín Hákonardóttir lögmaður frá fyrirtækinu Strategía mun koma og funda með stjórn eftir stjórnarfund.

Til máls tók MBJ.

## 9. Önnur mál

*Staða byggingaframkvæmda - til kynningar*

Fyrir fundinum liggur framvinduskýrsla FSR um stöðu framkvæmda við Sauðármýri 2.

AÐ sagði frá stöðu byggingaframkvæmda á Sauðármýri 2. M.a. fyrirhugaðri lóðaframkvæmd. Verið er að undirbúa útboð á innréttingum og er hugmyndin að vinna við innanhússkipulag verði í samráði við fulltrúa starfsfólks. Ekkert sem bendir til annars en að verkefnið gangi vel og sé á áætlun.

Til máls tók GÞ.

*Laust starf forstöðumanns þróunarsviðs*

AÐ upplýsti að auglýst hefði verið eftir forstöðumanni þróunarsviðs. Umsóknarfrestur er til 30. september nk.

Til máls tóku GÞ og KB.

...

## 10. Næsti fundur

Næsti fundur verður 18. október 2019 kl. 10:30 á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:49

Magnús Helgason fundarritari.

_____	_____
_____	_____
_____	_____